

Skólaráðsfundur Varmárskóla

4. nóvember 2016

Mætt: Jón Ragnars (fulltrúi foreldra), Hrefna Hrólfsdóttir (varafulltrúi foreldra), Alexander (fulltrúi grenndarsamfélags), Þórhildur, Þóranna, Guðbjörg A (kennari), Hafdís, H (kennari), Arnar 10. HH, (nemandi). Fulltrúi almennra starfsmanna boðaði forföll.

Farið yfir starfsáætlun skólaráðs. Stungið uppá fimmtudagsmorgnum 8:15 – 09:15. Dagsetningar og fundarefni sett niður.

Fjárhagsáætlun 2017 kynnt. Þórhildur fór yfir að búið sé að vinna fjárhagsáætlun fyrir skólaárið 2017. Fengum sama ramma og árið á undan. Höfum ráðið inn meira af fólki en við höfum ramma fyrir þar sem nemendur hafa aukist. Við höfum ekki sett inn lista um endurnýjum húsgagna. Höfum verið beðin um að setja niður lista um framkvæmdir til þriggja ára sem kemur að viðhaldi. Mikil þörf er komin á viðhald í yngri deild, skipta þarf um salerni, leki og fleira sem krefst viðhalds.

Hrefna fór yfir að skýrsla kom út hjá Hagstofu Íslands með samanburð á milli sveitarfélaga með rekstur skóla. Áhugavert væri að skoða hvar staða skóla í Mosfellsbæ sé. Hrefna talar um að ánægja sé með breytingar á frístundaseli. Spurt var um Brúarland og hvort sá rekstur kæmi niður á Varmárskóla. Skólastjórar upplýstu að sér fjárhagslykill er fyrir Brúarland og gert er ráð fyrir því að sá skóli taki ekki af fjármagni Varmárskóla. Hrefna spurði um ef fjölgað yrði mikið í skólanum hvort settir væri einhverjir fyrirvarar með það í fjárhagsáætlun. Hún telur að mikilvægt sé að þessir fyrirvarar væru settir í fjárhagsáætlun. Næsta haust verður fjölgun um einn bekk og þá er orðið vel fullt í skólanum. Umræður um fjárhagsáætlun, tölur og þess háttar. Rætt um tölvumál og hvernig þeim er háttað í skólanum.

Þórhildur dreifði blaði um mikilvægar dagsetningar skólastarfsins.

Alexander ræddi um að gaman væri að hafa stefnu gegn einelti, orð og fleira á gaflinum til móts við íþróttahúsið. Gera stefnuna sýnilega og væri stöðug áminning. Hægt væri að koma þessu upp með málningu. Setja þetta mjög hátt uppi og áberandi þannig að krakkarnir sjá þetta alltaf. Fundarmenn setja þetta í hendur skólastjóra að finna einhvern flöt á að skoða framkvæmdina. Gætu krakkarnir átt eitthvað í þessu, nota bekkjarsáttmála.

Rætt var um leiktæki á skólalóðinni, hver tekur ákvarðanir um það? Eignarsjóður sér um viðhald og leiktæki. Fulltrúi grenndarsamfélagsins og Hrefna formaður foreldrafélagsins ræddu um áhuga sinn til að fá fleiri leiktæki við skólann.

Fundi slitið,

Þóranna Rósa Ólafsdóttir

Skólastjóri skrifaði fundargerð